

Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Diljá Mist Einarsdóttur um handtöku og afhendingu einstaklinga til Íslands.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu margir einstaklingar hafa verið handteknir og afhentir til Íslands frá gildistöku laga nr. 51/2016? Svar óskast sundurliðað eftir því frá hvaða ríkjum þeir voru afhentir, ástæðu afhendingar og þeim afbrotum sem lágu henni til grundvallar?

Við vinnslu svarsins óskaði ráðuneytið eftir upplýsingum frá embætti ríkissaksóknara.

Frá gildistöku laga nr. 51/2016, um handtöku og afhendingu manna til og frá Íslandi vegna refsiverðra verknaða á grundvelli handtökuskipunar, hafa sex einstaklingar verið handteknir og afhentir til Íslands, ýmist á grundvelli evrópskrar handtökuskipunar (EAW) eða norrænnar handtökuskipunar (NAW), og sundurliðast það svo:

Frá hvaða ríki	Ástæða afhendingar	Afbrot	EAW/NAW
Noregi	Meðferð máls	Kynferðisbrot o.fl.	NAW
Svíþjóð	Meðferð máls	Kynferðisbrot	NAW
Finnlandi	Meðferð máls	Kynferðisbrot o.fl.	NAW
Lettlandi	Meðferð máls	Fíkniefnalagabrot	EAW
Króatíu	Meðferð máls	Brot í opinberu starfi	EAW
Spáni	Meðferð máls	Fíkniefnalagabrot	EAW